

Jólafundur haldinn í sal hússtjórnarsviðs Verkmenntaskólans á Akureyri þriðjudaginn 3. desember kl. 19:00 með Mý deild.
Mættar voru um 40 konur.

Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Tónlistaratriði.
- 3.Orð til umhugsunar.
4. Tónlistaratriði.
5. Jólagestur fundar segir frá.
6. Matur.
7. Fundi slitið.

1. Jónína Hauksdóttir formaður Beta deildar og Jenný Gunnbjörnsdóttir formaður Mý deildar settu fundinn. Jenný kveikti á kertum.

2. Þær Ásdís Arnardóttir og Petra Óskarsdóttir úr Mý deild spiluðu á þverflautu og selló lögin: Kom þú kom vor Immanúel, Þrettándagar jóla og Þá nýfæddur Jesús.

3. Orð til umhugsunar: Þær Eygló Björnsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir, María Steingrímsdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir fluttu okkur „orð til umhugsunar“. Þær sögðu okkur frá landsambandsþinginu síðastliðið vor og Evrópuþinginu í Amsterdam og sýndu okkur myndir frá ýmsum þingum sem þær hafa sótt. Hvöttu þær báðar deildir eindregið til að sækja þau þing sem haldin eru og þá sérstaklega þau sem haldin eru hér innanlands. Auk þess að efla fagvitundina þá eru þingin góður vettvangur til að kynnst öðrum DKG systur og efla tengslin. Vorþing samtakanna verður haldið 10. maí á Ísafirði og hvöttu þær báðar deildir til að fjölmenna og jafnvel sameinast um þátttökuna.

4. María Gunnarsdóttir Beta deild og Ragnheiður Júlíusdóttir Mý deild sungu tvö jólaög: Vindur já dansaðu vindur eftir Eivöru Pálsdóttur og lagið “How's the world treating you” eða Einmana um jólin eftir James Taylor. Meðleikari var Ingólfur Jóhannsson.

5. Jólagesturinn að þessu sinni var Zane Brikovska. Hún vannur hjá alþjóðastofu á Akureyri. Hún kemur frá Riga í Lettlandi og sagði okkur frá jólahefðunum þar þegar hún var lítil stúlka og einnig hvernig þær eru í dag. Zane er gift Þjóðverja og þau skiptast á að eyða jónum með fjölskyldum sínum í Þýskalandi og Lettlandi.

6. Matur var í boði stjórn Betadeildar og Mýdeildar.

Jólasöngvar voru sungnir og pyngjan góða gekk á milli kvenna til stuðnings stúlkum í Afríku

7. Fundi slitið kl. 22:00

María Gunnarsdóttir ritari.